

Tuttugasti og fjórði fundur Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis var haldinn þann 18. maí 2016 í fundarherbergi heilbrigðiseftirlitsins á 5. hæð í Kjarna Þverholti 2, Mosfellsbæ. Fundurinn hófst kl: 17:15

Mættir: Rúnar Bragi Guðlaugsson, Leifur Guðjónsson, Magnús Dalberg, Hannes Tryggvi Hafstein og Linda Björk Ragnarsdóttir, Þorsteinn Narfason og Árni Davíðsson sem ritaði fundargerð. Marianna Hugrún Helgadóttir boðaði forföll fyrir sig og sinn varamann.

Dagskrá:

1. Umsóknir um starfsleyfi og tóbaksöluleyfi

Umsóknir um starfsleyfi á sviði matvæla, hollustuhátta og mengunarvarna

- a. Mosfellsbær sækir um starfsleyfi fyrir rekstri grunnskóla í Brúarlandi við Vesturlandsveg. Málinu var frestað á síðasta fundi. Eftirtalin gögn voru lögð fram
 - Bréf framkvæmdastjóra umhverfissviðs og framkvæmdastjóra fræðsluviðs vegna umsóknar um starfsleyfi dagsett 23. apríl 2016.
 - Minnisblöð Mannvits nr. 1 um Hljóðstig við Brúarland í Mosfellsbæ.
 - Minnisblað Mannvits nr. 2 um mat á loftgæðum við Brúarland í Mosfellsbæ.
 - Útboðsteikning Landmótunar dagsett 8. apríl 2016.

Framkvæmdastjóri umhverfissviðs kom á fundinn og kynnti fyrirhugaðar framkvæmdir við Brúarland.

„Samþykkt til 4 ára með vísun til reglugerðar um hollustuhætti og samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir skóla“.

- b. Valgeir Gunnlaugsson f.h. Sesar ehf. sækir um starfsleyfi fyrir rekstri á færanlegri starfsstöð, sala á íspinnum í lokuðum umbúðum úr íssöluvagni á sérútbúnu reiðhjóli, heimilisfang reksturs er Skerjabraut 3 á Seltjarnarnesi.
„Samþykkt með vísan til laga um matvæli til 12 ára“.
- c. Hermann Ingólfsson f.h. Ferðaþjónustunnar Hjalla ehf. sækir um breytingu á starfsleyfi til að starfrækja samkomusal og tjaldstæði og gistingu í einu sumarhúsi, að Hjalla í Kjósarhreppi.
„Samþykkt með starfsleyfisskilyrðum fyrir samkomuhús og tjaldstæði til 12 ára“.

- d. Ólafur Egilsson sækir um starfsleyfi til að starfrækja heimagistingu að Valhúsabraut 35 á Seltjarnarnesi. Leyfið var gefið út af heilbrigðiseftirlitinu samkvæmt lögum um hollustuhætti og

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

mengunarvarnir til 12 ára dagsett 11. apríl 2016.
„*Staðfest*“.

- e. Halldóra Þ. Jónsdóttir f.h. Alþjóðlegra sumarbúða barna (CISV á Íslandi) sækir um starfsleyfi 23. júní til 21. júlí fyrir rekstri sumarbúða 11 ára barna í Mýrarhúsaskóla á Seltjarnarnesi.
„*Samþykkt með vísan til laga um matvæli og laga um hollustuhætti og mengunarvarnir fyrir umbeðið tímabil*“.

Tímabundin starfsleyfi vegna mengunarvarna

- a. Ólafur Hermannsson sækir um tímabundið starfsleyfi til niðurrifs á Dalakofa, sumarhúsi í landi Laxnes (fastanúmer 208-5026) í Mosfellsbæ. Heilbrigðiseftirlitið gaf út leyfi þann 4. maí 2016 með gildistíma til 15. júlí 2016 með almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir mengandi starfsemi og sértækum starfsleyfisskilyrðum fyrir tímabundinn atvinnurekstur vegna niðurrifs húsa og annarra mannvirkja.
„*Staðfest*“.

Umsagnir fyrir veitinga og gististaði

- a. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 18. nóvember 2015 þar sem óskað var umsagnar um rekstrarleyfi fyrir Guðrúnu Róshildi Kristinsdóttir til að reka gististað í flokki I, tegund heimagisting, að Áslandi 22b í Mosfellsbæ.
Málinu frestað þar sem gögn hafa ekki borist.

2. Mál. Ársreikningur Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis

Ársreikningur Heilbrigðiseftirlits sem unnin var af KPMG var lagður fram.

3. Ársskýrsla Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis árið 2015

Starfsskýrsla heilbrigðiseftirlits fyrir árið 2016 var lögð fram.

4. Verkefnislýsing fyrir aðalskipulagsbreytingu á Langahrygg

Lagt fram bréf skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar dagsett 2. maí þar sem óskað er umsagnar um ofangreinda skipulagstillögu.

Lögð var fram umsögn heilbrigðiseftirlits dagsett 13. maí vegna málsins.

5. Þvingunarúrræðamál með vísun í samþykkt um hæsnahald í Mosfellsbæ.

Lagt var fram minnisblað lögfræðings Mosfellsbæjar dagsett 18. maí 2016. Jafnframt var lagt fram bréf nokkurra íbúa að Reykjahvoli dagsett 9. maí 2016, sem fara fram á að heilbrigðisnefnd framfylgi samþykkt um hæsnahald.

„*Í minnisblaði lögfræðings Mosfellsbæjar kemur fram að lóðin Reykjahvoll 5 er ekki skráð í lögbylaskrá og telst ekki sem lögbyli. Heilbrigðiseftirlitinu er falið að kynna málið fyrir hlutaðeigandi og framfylgja því í samræmi við samþykkt nr. 971/2015 um hæsnahald í Mosfellsbæ, utan skipulagðra landbúnaðarsvæða*“.

6. Önnur mál.

- a. Umhverfistráðuneytið hefur staðfest og sent til birtingar samþykkt um hæsnahald í Seltjarnarnesbæ í samræmi við 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

- b. Úttekt Ríkisendurskoðunar á málefnum loftgæða á Íslandi.
Heilbrigðiseftirlitið hefur sent Ríkisendurskoðun umbeðnar upplýsingar um fyrirkomulag loftgæðaeftirlits á svæðinu.

Fundi var slitið kl. 18:55.